

Nd.

### 303. Frumvarp

til laga um aukaútflutningsgjald af söltuðum fiski.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

#### 1. gr.

Af öllum fiski, sem aflaður er á árinu 1933 og fluttur er út úr landinu saltaður, á hvaða verkunarstigi sem er, skal greiða aukaútflutningsgjald, er nemur 5% af verði fiskjarins. Gjald þetta nær þó ekki til þess fiskjar, sem út er fluttur af Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda eða fyrir þess milligöngu.

#### 2. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., skal ákveðið svo sem fyrir er mælt í 2. gr. laga nr. 70 27. júní 1921, og gilda ákvæði þeirra laga einnig að öðru leyti um gjald þetta, eftir því sem við á.

#### 3. gr.

Tekjum þeim, sem rikissjóður hlýtur samkvæmt lögum þessum, skal varið í þágu fiskframleiðslunnar í landinu og til öflunar markaða fyrir íslenskan fisk á þann hátt, sem ríkisstjórnin ákveður.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Sölusamlag íslenskra fiskframleiðenda, sem stofnað var á öndverðu síðastliðnu sumri, hefir starfað með þeim hætti, að almenn ánægja mun rikjandi meðal fiskframleiðenda með það verð, sem tekizt hefir að fá fyrir fiskinn. Þátttakan í sölusamlaginu hefir verið almenn, en þó hafa nokkrir stórfrauleiðendur, sem fyrir utan standa, valdið talsverðum óþægindum. Þeir, sem utan samlagsins standa, hafa hag af því, að samlag er til, sem ræður yfir og jafnar á allt árið framboði fiskjarins í markaðslöndunum. Þeir geta sparað sér vexti, geymslukostnað, vátryggingu, gæða- og vigtarrýrnun að nokkrum mun, og 2% af andvirði fiskjarins, sem samlagið dregur frá fyrir sölukostnaði. Samlagið tryggir þeim stöðugt og jafnt verðlag, og verður aðstaða þeirra til sölu hin hægasta í skjóli þess. Það er óeðlilegt, að þeir, sem ekki vilja aðhyllast samtökin, geti orðið aðnjótandi þessarar góðu aðstöðu endurgjaldslaust. Um 10% af meðalframleiðslu síðustu ára mun nú vera fyrir utan samtökin, og er það réttlátt, að þeir, sem kjósa sér að njóta þeirrar aðstöðu, sem samlagið skapar þeim, án þess að taka þátt í samtökunum, verði látnir bera nokkurt gjald til að jafna aðstöðuna, og telst það hæfilega áætlað 5% af andvirði útflutts fiskjar.

Frumvarpið er fram borið í samráði við Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda.